

## 10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, til þess að öðlast gildi með þeim takmörkunum sem lög nr. 45/1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja. Með samþykkt þessari fellur úr gildi samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Vestmannaeyjum o.fl. nr. 480, 12. ágúst 1982.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1989.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Pórhildur Líndal.*

**S A M Þ Y K K T**

**um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Húsavík  
nr. 438/1985.**

## 1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, má vera sem hér segir, nema öðruvísi sé sérstaklega ákveðið í samþykktinni.:

Virka daga er heimilt að opna sölustaði kl. 08.00 og þeim skal lokað eigi síðar en kl. 22.00.

Á laugardögum er heimilt að halda sölustöðum opnum til kl. 18.00.

Síðasta laugardag fyrir jól má halda verslunum opnum til kl. 22.00.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að hafa verslanir opnar til kl. 24.00.

Bæjarstjórn getur að fengnum tillögum lögreglustjóra heimilað, að sölustaður verði opnaður fyrr en segir í grein þessari.

## 2. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn getur leyft, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar að matvöruverslanir, söluturnar og sambærilegir sölustaðir séu opnir alla daga frá kl. 08.00 til kl. 23.30, sbr. þó a-lið 5. greinar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Húsavíkur hefur gert með heimild í 1. gr. laga nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi þegar í stað, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 frá 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. janúar 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Pórhildur Líndal.*